

AUGLÝSING

um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði nr. 72 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu forsætisráðherra gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði nr. 72 frá 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting um stundarsakir á forsetaúrskurði nr. 72 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra, að Halldóri Ásgrímssyni utanríkisráðherra er í forföllum Ingibjargar Pálmadóttur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra falið að gegna ráðherrastörfum þeim, er henni voru falin í nefndum forsetaúrskurði, og fer hann með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið meðan forföll hennar vara.

Forsætisráðuneytinu, 23. janúar 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.